Minnisblað

VSÓ RÁÐGJÖF

12. janúar 2023
23100

Dreifing:

Kópavogsbær
Auður D. Kristinsdóttir
Skipulagsfulltrúi


Höfundur
OG

Yfirfarið/Samþykkt
SÓ


Tilefni
Boðaþing 11-13
Samgöngurýni

1 Inngangur

Að beiðni Kópavogsbæjar hefur VSÓ Ráðgjöf metið líkleg umferðaráhrif vegna fyrirhugaðs þjónustuvegar að hjúkrunarheimili við Boðaþing 11-13 eins og kynnt er á heimasíðu Kópavogs í desember 2022. Sjá myndir 1 og 2. Athugun þessi nær einkum til akandi umferðar. Í auglýstri deiliskipulagsbreytingu Boðaþings 5-13 breytist aðkoma og umferð innan lóðar. Nýr einbreiður aðgangsstýrður þjónustuvegur verður frá bílastæðaplani sunnan Boðaþings 1-3 að Boðaþingi 11-13. Um þjónustuveginn fara eingöngu þjónustubílar, svo sem sjúkrabílar, sorpbílar og bílar með matarsendingar.



Mynd 1: Gildandi deiliskipulag



Mynd 2: Drög að breyttu deiliskipulagi frá ágúst 2022 með síðari breytingum í janúar 2023.

2 Umferðargreining

Með þessari deiliskipulagstillögu er sérstök umferð þjónustubíla ráðgerð að jarðæð bakhliðar fyrirhugaðrar nýbyggingar. Færri hraðahindranir er að þvera og minni umferð af bílastæðum að varast. Þessi bætta akstursleið skiptir töluverðu máli fyrir fáa umrædda þjónustubíla en litlu máli fyrir aðra.

Hin nýja þjónustugata verður svo fáfarin að hún nýtist einnig sem göngustígur fyrir íbúa og starfsfólk hjúkrunarheimils og þjónustumiðstöðvar og mætti hæglega hanna og nýta hana sem akfæra gönguleið.

Athugun á notkun stæðanna 13 sem ný þjónustugata liggur meðfram leiðir ekki í ljós að umferð til og frá þeim trufli akstur þjónustubíla né heldur að þessar stöku ferðir trufli akstur um bílastæðið. Jafnvel mætti fækka stæðunum ef það gefur meiri sveigjanleika í hönnun vegtengingarinnar.

Meðalumferð um nýjan þjónustuveg verður skv. fyrirliggjandi gögnum um 2-3 farartæki á dag. Það er vel innan þeirra marka sem má búast við í nágrenni hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva í þéttbýli.

3 Niðurstöður

Umferð sem reiknað er með um nýjan þjónustuveg er það lítil að áhrif hennar á umhverfi sitt er hverfandi. Umferð þjónustubíla er betur og öruggar fyrirkomið að bakhlið hjúkrunarheimilis en að hún þurfi að aka lengri hring kringum lóðina að aðalinngangi sunnan megin. Styttri akstursleiðir, gegndræpt yfirborð, lágmarks jarðrask og samnýting umferðarmannvirkja eru allt hönnunarþættir sem draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026